

## REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1994.

### 1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og fjárhæðir heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð skal greiða tekjuauka sem hér segir á árinu 1994:

- a) Í júlí 1994 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær eru í júní 1994 28% uppbót vegna láglau nabóta og 16,8% uppbót vegna viðskiptakjarabata.
- b) Í ágúst 1994 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær eru í júní 1994 20% uppbót vegna orlofsuppbótar.
- c) Í desember 1994 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær eru í júní 1994 30% uppbót vegna desemberuppbótar og 28% uppbót vegna láglau nabóta.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júní 1994.*

**Guðmundur Árni Stefánsson.**

Páll Sigurðsson.

## REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð  
nr. 341/1992 um úthlutun örorkustyrkja.

### 1. gr.

Í stað 871.373 í 3. og 4. gr. komi: 839.187.

Í stað 1.463.164 í 3. og 4. gr. komi: 1.430.979.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 öðlast gildi 1. júlí 1994.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. júní 1994.*

**Guðmundur Árni Stefánsson.**

Páll Sigurðsson.